

Tillaga

Viðtakandi: Bæjarráð

Efni: Útboð á hirðu úrgangs – Opnun tilboða

Dags: 16.4.2024

Málsnúmer: 202312352

Sendandi: Dóra Lind Pálmarsdóttir, leiðtogi umhverfis og framkvæmda

Tillaga:

Lagt er til að bæjarráð heimili umhverfissviði að taka tilboði lögstjóðanda vegna útboðs á hirðu úrgangs í hverjum útboðshluta sem taldir eru upp hér að neðan að því gefnu að skilyrði útboðsskilmála hafi verið uppfyllt:

- Útboðshluta 1 - Lífrænt og almennt sorp var **Íslenska gámafélagið ehf** lögstjóðandi með heildartilboðsfjárhæð 929.546.108 kr m. vsk eða um 79,9 % af kostnaðaráætlun.
- Útboðshluta 2 – Pappír og plast var **Íslenska gámafélagið ehf** lögstjóðandi með heildartilboðsfjárhæð 740.383.555 kr m. vsk eða um 82,4% af kostnaðaráætlun.
- Útboðshluta 3 – Djúpgámar var **Terra umhverfisþjónusta** lögstjóðandi með heildartilboðsfjárhæð 26.953.136 kr. m. vsk. eða um 68,1 % af kostnaðaráætlun.

Niðurstaða útboðs er lægra en kostnaðaráætlunir gerðu ráð fyrir og rúmast því innan fjárhagsáætlunar.

Greinargerð:

Á 1615. fundi bæjarráðs þann 29. febrúar 2024 var útboð Mosfellsbæjar og Garðabæjar á hirðu úrgangs frá heimilum kynnt og heimilaði bæjarráð útboðið.

Þann 11. apríl 2024 sá VSÓ verkfræðistofa um opnun tilboða en þrjár aðilar sendu inn tilboð og það voru Íslenska gámafélagið ehf., Kubbur ehf. Og Terra umhverfisþjónusta ehf.

Niðurstöðu opnunar má sjá hér fyrir neðan:

Útboðshluti 1: Lífrænt og almennt

Bjóðandi	Heildartilboðsfjárhæð m/VSK	Hlutfall af kostnaðaráætlun
Íslenska gámafélagið ehf	929.546.108	79,9%
Terra umhverfisþjónusta ehf.	970.277.910	83,4%
Kubbur ehf.	1.212.838.443	104,3%
<i>Kostnaðaráætlun</i>	<i>1.163.088.129</i>	<i>100,0%</i>

Útboðshluti 2: Pappír og plast

Bjóðandi	Heildartilboðsfjárhæð m/VSK	Hlutfall af kostnaðaráætlun
Íslenska gámafélagið ehf	740.383.555	82,4%
Kubbur ehf.	782.439.793	87,1%
Terra umhverfisþjónusta ehf.	798.145.013	88,9%
<i>Kostnaðaráætlun</i>	<i>898.080.279</i>	<i>100,0%</i>

Útboðshluti 3: Djúpgámar

Bjóðandi	Heildartilboðsfjárhæð m/VSK	Hlutfall af kostnaðaráætlun
Terra umhverfisþjónusta ehf.	26.953.136	68,1%
Íslenska gámafélagið ehf	29.703.456	75,1%
Kubbur ehf.	68.758.000	173,8%
<i>Kostnaðaráætlun</i>	<i>39.560.603</i>	<i>100,0%</i>

Tilboðsfjárhæðir eru birtar með fyrirvara um yfirferð tilboða með tilliti til hæfis bjóðenda og rétta útreikninga í tilboðsskrá. Tilboð allra bjóðenda eru nú yfirfarin af VSÓ verkfræðistofu með tilliti til þessa og niðurstaða útboðs tilkynnt í kjölfarið að því gefnu að bæjarráð heimili umhverfissviði að ganga til töku tilboða.

Virðingarfyllt,

Dóra Lind Pálmarsdóttir, leiðtogi umhverfis og framkvæmda